

á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvik Jósefsson.

FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 94. löggjafarþings, frá 21. desember 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. janúar 1974.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

- 1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Sildarverksmiðja ríkisins.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sildarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands.
- 3 fulltrúar tilefndir af Félagi sildarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 3 fulltrúar tilnefndir af Félagi sildar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á sjávaraflla, öðrum en þeim, sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

3. gr.

4. gr. orðist þannig:

Sildarsöltunardeild.

Þegar ákveða skal verð á sild til söltunar, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 3 frá Félagi sildarsaltenda á Suðvesturlandi.

4. gr.

Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Bræðsludeild.

Þegar ákveða skal verð á sild og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi sildar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Sildarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands og 1 frá Sildarverksmiðjum ríkisins.

Ákveða má með reglugerð að skipta verðlagningu samkv. 4. og 5. gr. í verðtagssvæði.

5. gr.

2. málsgrein 7. gr., sem verður 8. gr., orðist þannig:

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður sjálfst verðlagstímabil.

6. gr.

Fella skal breytingar þessar inn í lögín og gefa þau þannig út í heild.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvik Jósepsson.